



SKÚTUSTAÐAHREPPUR

Skólastefna Skútustaðahrepps

2017-2022

Samþykkt í sveitarstórn Skútustaðahrepps
12-13-2017

INNGANGUR

Markmið þessarar stefnumótunarvinnu í skólamálum í Skútustaðahreppi er tvíþætt. Annars vegar að greina stöðu skólamála í samkeppnisumhverfi sínu. Hins vegar að móta stefnu og sóknaráætlun fyrir skólamál í sveitarfélaginu.

Á sveitarstjórnarfundi 8. mars 2017 var bókað að skólanefnd skyldi sjá um mótun skólastefnu Skútustaðahrepps. Skipaður var stýrihópur með fulltrúum helstu hagsmunahópa en hann skipa:

- Þorsteinn Gunnarsson, sveitarstjóri - verkefnisstjóri
- Jóhanna Katrín Þórhallsdóttir, formaður skólanefndar
- Garðar Finnsson, fulltrúi foreldra á leikskóla
- Helgi Arnar Alfreðsson, fulltrúi foreldra í grunnskóla
- Ingibjörg Helga Jónsdóttir, leikskólastjóri
- Sólveig Jónsdóttir, grunnskólastjóri

Leiðarljós: Gera stefnumótunina markvissa og umfram allt einfalda.

Skipulag stýrihóps:

26. apríl	Fundur í stýrihóp
26. apríl	Íbúafundur um stefnumótun í skólamálum
4. maí	Skólanefnd
11. maí	Fundur í stýrihóp
Ágúst/sept	Málþing nemenda í grunnskóla
Sept.	Fundur í stýrihóp
12. sept.	Starfsmannadagur (starfsfólk grunnskóla og leikskóla)
September	Heimsókn í Hrafnagilsskóla, bæði grunn- og leikskóli.
Október	Fundur í stýrihóp
Október	Málþing nemenda. Sveitarstjóri sér um með aðstoð kennara.
Umsagnarferli skólastefnu. 1.-10. nóvember	
Fundur í skólanefnd í nóvember	
Sveitarstjórnarfundur í nóvember. Skólastefna samþykkt formlega.	

Til hliðarsjónar eru grunnþættir menntunar:

- Læsi
- Sjálfbærni
- Lýðræði og mannréttindi
- Jafnrétti
- Heilbrigði og velferð
- Sköpun

Grunnþættirnir snúast um læsi á samfélag, menningu, umhverfi og náttúru þannig að börn og ungmenni þroskist andlega og líkamlega, læri að bjarga sér í samfélaginu og vinna með öðrum. Grunnþættirnir snúast einnig um framtíðarsýn og getu og vilja til að hafa áhrif og taka virkan þátt í að viðhalda samfélagi sínu, breyta því og þróa það.

Skólastefna sveitarfélags er leiðarvísir um skólastarf í sveitarfélaginu. Gerð skólastefnu snýst um að skilgreina leiðir til að sveitarstjórnarfolk, stjórnendur og starfsfolk skólanna og aðrir hagsmunaaðilar geti rækt hlutverk sitt, unnið í samræmi við gildi og náð þeirri framtíðarsýn sem stefnt er að. Í skólastefnunni felst að dregin er fram sérstaða sveitarfélagsins og þær áherslur í skólamálu sem íbúar hafa komið sér saman um. Stefnan sjálf breytir ekki skólunum heldur myndar hún grundvöll fyrir ákvarðanatöku og skýrir hvaða leiðir ákveðið er að fara til að ná ætluðum árangri.

Skýr og skráð gildi, hlutverk, framtíðarsýn, markmið og árangursmælingar eru grundvallaratriði í mótun stefnu. Í hverjum þætti er leitast við að svara lykilsurningum sem framtíðin byggir á:

- að fá fram gildi sem liggja ættu til grundvallar menntunar á leik- og grunnskólastigi
- að skilgreina helstu markmið menntastarfsins
- að gera tillögur um aðgerðir (breytingar, verkefni, ákvarðanir)

Hvítbók mennta- og menningarmálaráðuneytis:

https://www.menntamalaraduneyti.is/media/frettir/Hvitbik_Umbaetur_i_menntun.pdf

Aðalnámskrá grunnskóla:

<https://www.menntamalaraduneyti.is/media/frettatengt2016/Adalsnamskra-grunnskola-3.-utg.-2016.pdf>

Aðalnámskrá leikskóla:

<https://www.menntamalaraduneyti.is/utgefing-efni/namskrar/adalnamskra-leikskola/>

Aðalnámskrá tónlistarskóla:

<https://www.stjornarradid.is/verkefni/menntamal/namskrar/>

SKÓLASTEFNA SKÚTUSTAÐAHREPPS

Í Skútustaðahreppi eru starfandi leikskólinn Ylur og grunnskólinn Reykjahlíðarskóli auk þess sem samningur er við Tónlistarskóla Húsavíkur um tónlistarnám. Þá er starfrækt frístund fyrir nemendur í 1.-7. bekk. Skólastarf byggir á gömlum og traustum grunni. Skólustefnunni er ætlað að taka til allra þátta í uppeldis- og skólastarfi sveitarfélagsins og skapa framtíðarsýn til næstu 5 ára. Markmið eru sett fram og það er síðan á ábyrgð hvernar stofnunar að útfæra leiðir í skólanámskrá og starfsáætlun. Skólanefnd er ætlað að framfylgja stefnunni í samvinnu við forstöðumenn. Stýrihópur hélt utan um vinnu um skólustefnuna og stóð m.a. fyrir íbúafundi, nemendapingi og skólaheimsókn.

Fámennir skólar í Skútustaðahreppi hafa metnað til þess að vera í allra fremstu röð en um leið og það er styrkur, getur það verið áskorun í litlu samfélagi. Hér er öflugt starfsfólk sem hefur metnað fyrir skólastarfinu og að bjóða upp á góða þjónustu við góðan aðbúnað með dyggum stuðningi yfirmanna og sveitarstjórnar.

GILDI – HLUTVERK - FRAMTÍÐARSÝN

Skólustefna Skútustaðahrepps tekur mið af gildum sveitarfélagsins og 18 lykilþáttum í skólastarfi sveitarfélagsins.

Gildi, hlutverk og framtíðarsýn endurspeglar þá miklu möguleika sem eru fyrir hendi til þess að efla starfsemi skólanna.

Gildi:

- ❖ Jafnræði – Jákvæðni – Traust - Virðing

Hlutverk:

- ❖ Hlutverk okkar er að starfrækja leikskóla, grunnskóla og tónlistarskóla samkvæmt lögum í samvinnu við heimilin og stuðla að alhliða þroska, velferð, gleði og menntun allra nemenda.

Framtíðarsýn:

- ❖ Skólastarf í Skútustaðahreppi hefur velferð og hagsmuni barna í forgangi þar sem lögð er áhersla á lýðheilsu, jafnrétti, fjölmenningu, lýðræðislegt samstarf, virðingu fyrir manngildi, sjálfbærni og öflug tengsl við umhverfi og grenndarsamfélag þar sem sérstaða nánasta umhverfis er nýtt til kennslu.

Kennsla tekur mið af þroska og þörfum nemenda þar sem markvisst og metnaðarfullt tónlistarnám og frístund er samofið skólastarfi. Boðið er upp á öfluga stoð- og sérfræðiþjónustu við skólastarfið í þágu nemenda, notast er við markvissar sjálfsmatsaðferðir í samræmi við lög til þess að meta árangur skólastarfsins og grunnstefið í starfinu er öflugt samstarf skóla og foreldra. Í Skútustaðahreppi er áhugasamt starfsfólk þar sem starfsánægja, metnaður og fagmennska ríkir.

JAFNRÆÐI

Við höfum jafnrétti, fjölbreytileika og samvinnu að leiðarljósi.

Starfshættir

Starfshættir og menning skólastarfs einkennist af jafnræði og samvinnu á öllum stigum, á milli starfsfólks, nemenda og foreldra/forráðamanna. Starfshættir taki mið af gildandi lögum og reglugerðum.

Samvinna og tengsl milli skóla

Öflugt samstarf ríki milli leikskóla, grunnskóla og tónlistarskóla og skólasamfélagsins í heild.

Aðbúnaður og aðgengi

Nemendum og starfsfólki skal tryggður aðgangur að góðri og fjölbreyttri aðstöðu. Allur aðbúnaður, fagtengdur sem og almennur uppfylli kröfur nútímans og taki mið af mismunandi þörfum nemenda. Búnaður og aðstaða verði samnýtt svo sem frekast er kostur. Komið verði upp útikennsluaðstöðu með góðri aðstöðu í samstarfi við landeigendur og foreldrafélagið. Skólaakstur skal skipulagður í samræmi við þarfir nemenda með hliðsjón af öryggi þeirra, velferð og umhverfisaðstæðum. Tryggja þarf örugga aðkomuleið fyrir alla að skólunum.

Sjálfbærni

Skólastarfið taki mið af gildum sjálfbærrar þróunar til að auka verðmæti og varðveislu náttúrunnar til handa komandi kynslóðum.

JÁKVÆÐNI

Við leggjum okkur fram um að vera lausnamiðuð, bjartsýn og glaðleg og stuðla að vellíðan í samskiptum og samstarfi.

Bjartsýni

Starfsfólk, nemendur og foreldrar/forráðamenn hafi bjartsýni að leiðarljósi í öllum störfum og samskiptum, til að byggja upp jákvætt viðhorf og virðingu sem endurspeglir skólasamfélagið okkar.

Lýðheilsa

Unnið er eftir markmiðum heilsueflandi grunnskóla og leikskóla þar sem efla skal heilbrigðan lífsstíl þegar kemur að hreyfingu, næringu og aðra heilsueflandi þætti. Virkt samstarf verði við íþrótt- og ungmennafélagið Mývetning og önnur íþróttafélög.

Uppeldisstarf

Til grundvallar skólastarfi liggja sex grunnþættir menntunar: Læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun. Í innra starfi skólanna er unnið eftir hugmyndafræðinni um Jákvæðan aga og heilsueflandi samfélag.

Velferð nemenda

Hagsmunir nemenda hafi forgang í skólastarfi. Skólarnir setji nemendalýðræði á oddinn t.d. með bekkjafundum og nemendaráði. Í öllu skólastarfi hafa nemendur jafnan rétt, óháð kyni, líkamlegu atgervi, uppruna, félagslegri stöðu, aldri, kynhneigð og lífsskoðunum.

Samstarf heimili og skóla

Samvinna milli skólastiga, starfsfólks og foreldra/forráðamanna verði haft að leiðarljósi. Samstarf skólasamfélagsins og foreldra verði eflt með góðu upplýsingaflæði, reglubundnu samráði þar sem samvinna og samábyrgð eru grundvallarþættir í starfsháttum og velferð barna sé ávallt í forgrunni.

TRAUST

Við erum fagleg, heiðarleg og vandvirk og gætum trúnaðar í starfi.

Starfsfólk

Starfsfólk gegnir lykilhlutverki í skólastarfi og stjórnendur bera ábyrgð á skólastarfi gagnvart sveitarstjórn. Starfsfólk verði jákvæðar fyrirmyndir og vinni markvisst eftir gildum og stefnum sveitarfélagsins. Stjórnendur eru faglegir leiðtogar.

Endurmenntun

Starfsþróun og endurmenntun starfsfólks verði í öndvegi samkvæmt endurmenntunaráætlun. Unnin verði markviss endur- og símenntunaráætlun fyrir starfsfólk í anda Mannauðsstefnu sveitarfélagsins til þess að efla starfsfólk í starfi. Réttur starfsmanna samkvæmt kjarasamningum er að hafa tækifæri til að viðhalda og efla þekkingu sína.

Mat á skólastarfi

Námsskrár og starfsáætlanir eru lagðar fram að hausti ár hvert og áætlun um innra mat og sóknaráætlun er endurskoðuð reglulega. Skólarnir tryggja fjölbreytt matstæki og meti reglulega árangur og gæði skólastarfsins. Jafnframt eigi skólarnir kost á ráðgjöf vegna mats á skólastarfi.

VIRÐING

Við erum víðsýn og umburðarlynd og höfum að leiðarljósi gagnkvæma virðingu hvert fyrir öðru og náttúrunni.

Leikskólastarf

Velferð og hagsmunir barna eru í forgangi í öllu starfi þar sem öll börn fái góða menntun, umönnun og jöfn tækifæri til að þroskast og blómstra í nánnum tengslum við umhverfið. Veita skal börnum hollt og hvetjandi uppeldisumhverfi og örugg náms- og leikskilyrði. Nám fari fram í leik og skapandi starfi þar sem börn njóta fjölbreyttra uppeldiskosta.

Grunnskólastarf

Velferð og hagsmunir nemenda eru í forgangi þar sem allir nemendur fái góða menntun og jöfn tækifæri til að þroskast og blómstra í nánnum tengslum við umhverfið. Áhersla verður á einstaklingsmiðað og fjölbreytt nám við hæfi hvers og eins. Úr skólanum fari sjálfstæðir og öflugir einstaklingar sem eru tilbúnir að takast á við eigin framtíð.

Tónlistarstarf

Boðið verði upp á fjölbreytta tónlistarkennslu á samfelldum skóladegi þar sem nemendur geti sótt tónlistarnám á skólatíma sé þess nokkur kostur. Lögð verði áhersla á samleik og að nemendur þjálfist í að koma fram á tónleikum. Reglubundin tónlistarkennsla verði í leikskóla.

Frístundastarf

Boðið verði upp á lögboðið frístundastarf eftir að grunnskóladegi lýkur. Þar er fjölbreytt starfsemi og flestir geti fundið eitthvað við sitt hæfi. Til hliðsjónar verði höfð gæðaviðmið frístundastarfs og markmið heilsueflandi samfélags. Jafnframt verði boðið upp á stuðning við

heimanám. Enn fremur verði skólaakstur miðaður við að nemendum gefist kostur á að fara heim að loknu frístundastarfi.

Stuðningur við skólastarfið

Samkvæmt samningi um skólaþjónustu styrkir hún starfsemi skólanna með reglulegri viðveru og sérfræðiþjónustu, fyrir nemendur, foreldra/forráðamenn og skólana. Unnið sé að greiningu á þörfum einstakra nemenda, verkferlar varðandi tilvísun mála séu skýrir. Efla þarf aðkomu námsráðgjafa og hjúkrunarfræðinga við skólastarfið verði með reglubundnum hætti.

Sérstaða

Lögð verði áhersla á að nýta styrkleikana sem felast í nálægri náttúru og fámenni samfélagsins, m.a. að leggja áherslu á kennslu um nærsamfélagið og nánasta umhverfi í samstarfi við íbúa, fyrirtæki og stofnanir. Listsköpun, útikennsla og náttúruvernd stuðli að eflingu samábyrgðar og virkni barna.

SÓKNARÁÆTLUN

Til þess að efla skólastarfið og ná þeim markmiðum sem stefnt er að, liggja eftirfarandi verkefni til grundvallar sóknaráætlun stefnumótunar í skólamálum Skútustaðahrepps:

Leikskóli

Verkefni	Nánar	Innleiðing	Ábm
Heilsueflandi leikskóli	Hluti af heilsueflandi samfélagi	Vor 2018	Leikskólastjóri
Grænfána leikskóli	Samstarf við Reykjahlíðarskóla	Haust 2018	Leikskólastjóri
Jákvæður agi	Samstarf við Reykjahlíðarskóla	Vor 2018	Leikskólastjóri
Endurmenntunaráætlun	Samstarf við aðrar stofnanir sveitarfélagsins	Haust 2018	Leikskólastjóri
Karellen	Skráninga- og umsjónarkerfi	Vor 2018	Leikskólastjóri
Sundlaug	Skólasund	2019	Sveitarstjórn
Útikennslusvæði	Í samstarfi við Reykjahlíðarskóla og landeigendur og foreldrafélagið	2018	Sveitarstjórn
Ytra mat á leikskólum	Auka gæði starfsins	2018	Menntamálastofnun
Spjaldtölvunotkun / upplýsingatækni	Þróunarverkefni um spjaldtölvunotkun/upplýsingatækni í skólastarfi	Haust 2018	Leikskólastjóri
Móttökuáætlun	Skrifleg móttökuáætlun	Vor 2018	Leikskólastjóri
Útisvæði	Ljúka við leikskólalóð, ný leiktæki, stækkun leikskólahúsnæðis	Haust 2018	Leikskólastjóri / sveitarstjóri
Auka umferðaröryggi, lagfæra aðkomu	Gerð umferðaröryggisúttektar	Haust 2018	Sveitarstjóri
Framkvæmd á öryggisáætlun	Samkvæmt fjárhagsáætlun hvers árs	2018	Sveitarstjórn

Starfsdagar – Sumarleyfi	Starfsdagar á milli skólastiga verði samræmdir eins og kostur er og sumarleyfi leikskóla endurskoðað.	2018	Leikskólastjóri / skólastjóri
Ný heimasíða	Gera sér síðu fyrir leikskólann sem er hluti af heimasíðu sveitarfélagsins	Vor 2018	Leikskólastjóri / sveitarstjóri
Fjölmenning	Þróunarverkefni um fjölmenningu í samstarfi við grunnskóla o.fl.	Vor 2019	Leikskólastjóri

Grunnskóli

Verkefni	Nánar	Innleiðing	Ábm
Heilsueflandi grunnskóli	Hluti af heilsueflandi samfélagi	Áframhald	Skólastjóri
Grænfáni	Sækja um endurnýjun	Áframhald	Skólastjóri
Jákvæður agi	Verkefnisáætlun um frekari innleiðingu	Áframhald	Skólastjóri
Endurmenntunaráætlun	Samstarf við aðrar stofnanir sveitarfélagsins	Haust 2018	Skólastjóri
Útikennslusvæði	Í samstarfi við Reykjahlíðarskóla og landeigendur	2018	Sveitarstjórn
Sundlaug	Skólasund	2019	Sveitarstjórn
Móttökuáætlun	Skrifleg móttökuáætlun	Vor 2018	Skólastjóri
Námsráðgjöf, hjúkrunarfræðingur	Auka aðkomu	Haust 2017	Sveitarstjórn
Áætlun um aukið nemendalýðræði	Auka aðkomu nemenda	Haust 2018	Skólastjóri
Ný leiktæki, útisvæði	Endurnýja leiktæki samkvæmt öryggisstöðlum	Haust 2017 og 2018	Leikskólastjóri / sveitarstjóri
Kaup á skólahúsgögnum	Endurnýja húsgögn samkv. fjárhagsáætlun	Haust 2018	Skólastjóri
Kaup á myndvörpum	Myndvarpar í skólastofur og sal	Haust 2018	Skólastjóri
Kaup á spjaldvöllum	Fyrir nemendur og kennara samkvæmt fjárhagsáætlun	Vor 2018	Skólastjóri
Spjaldtölvunotkun / upplýsingatækni	Þróunarverkefni um spjaldtölvunotkun/upplýsingatækni í skólastarfi	Haust 2018	Skólastjóri
Auka umferðaröryggi, lagfæra aðkomu	Gerð umferðaröryggisúttektar	Haust 2018	Sveitarstjóri
Framkvæmd á öryggisáætlun	Samkvæmt fjárhagsáætlun hvers árs	2018	Sveitarstjórn
Starfsdagar – Sumarleyfi	Starfsdagar á milli skólastiga verði samræmdir eins og kostur er og sumarleyfi leikskóla endurskoðað.	2018	Leikskólastjóri / skólastjóri
Ný heimasíða	Gera sér síðu fyrir skólann sem er hluti af heimasíðu sveitarfélagsins	Vor 2018	Leikskólastjóri / sveitarstjóri
Fjölmenning	Þróunarverkefni um fjölmenningu í samstarfi við leikskólann	Vor 2019	Skólastjóri

Tónlistarskóli

Verkefni	Nánar	Innleiðing	Ábm
Kór	Stofnaður verði skólakór	Haust 2018	Skólastjóri
Endurnýjun hljóðfæra	Samkvæmt fjárhagsáætlun hvers árs	Haust 2018	Skólastjóri
Spjaldtölvunotkun / upplýsingatækni	Þróunarverkefni um spjaldtölvunotkun/upplýsingatækni í skólastarfi	Haust 2018	Skólastjóri
Föst tónlistarkennsla á leikskóla	Tónmenntatími	Haust 2018	Skólastjóri



Skútustaðahreppur